

Nd.

101. Frumvarp til laga

[88. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 1971, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Lárus Jónsson, Matthías Á. Mathiesen,  
Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:  
Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 17 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1971 (19. gr. l. nr. 67/1971) orðist svo:  
Nú er samanlögð upphæð lágmarkslífeyris og þriðjungs af öðrum tekjum elli- og örorkulífeyrisþega lægri en 134 400 kr., og skal þá hækka lífeyri hans svo, að það mark náist. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir tveim breytingum á núgildandi lögum um almannatryggingar. Varðar önnur greiðslu mæðralauna, en hin varðar greiðslu tekjutryggingar til elli- og örorkulífeyrisþega.

I.

Tillagan um breytingu á greiðslu mæðralauna er um breytingu á aldursmarki úr 16 árum í 17 ár. Er breyting þessi til samræmis þeim hækkunum á aldursmarki við greiðslur barnalífeyris, sem ákveðnar voru vorið 1971, og hækkun á aldursmarki við útborgun meðlaga, sem ákveðin var í fyrra með samþykkt á frumvörpum Auðar Auðuns um það efni.

Sömu rök liggja til grundvallar þessari tillögu og breytingunum á aldursmarki við greiðslur barnalífeyris og meðlaga. Það er alkunna, að framfærslukostnaður 16—17 ára unglings er sízt minni en hinna, sem yngri eru, og fæstir í þessum aldursflokki geta unnið fyrir sér vegna skólanáms. Þær greiðslur, sem ætlaðar eru ein-

stæðum mæðrum með börn á framfæri, þurfa því allar að miðast við þetta aldursmark.

## II.

2. gr. frv. fjallar um tekjur elli- og örorkulífeyrisþega.

Undanfarna tvo áratugi hafa einstaklingar, starfshópar og stéttarfélag lagt vaxandi áherzlu á kjarabætur í formi lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðir hafa verið stofnaðir með lögum eða samningum launþega og vinnuveitenda, og leitast hefur verið við að hafa hliðsjón af bótaákvæðum almannatrygginga í því skyni, að heildartrygging almannatrygginga og lífeyrissjóðs yrði sem best. Þetta hefur þó ekki ávallt reynzt auðvelt, þar eð lengi var tvískinnungur í afstöðu almannatrygginganna til sjóðanna. Með almannatryggingalögunum 1963 skýrðust þó línur í þessum efnunum. Almanna-tryggingar voru þá látnar ná til allra landsmanna, og jafnframt var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir önnuðust viðbótartryggingar. Áður höfðu skerðingarákvæði laganna verið afnumin, en óvinsældir þeirra höfðu farið vaxandi með hverju ári. Lífeyrisþegum þóttu þau óréttlát, og þau voru talin draga úr starfsáhuga aldraðra og öryrkja.

Á tilteknu tekjubili jafngilda núgildandi tekjutryggingarákvæði 100% skerðingu lífeyris vegna annarra tekna. Sem dæmi má nefna hjón, sem bæði hafa náð 67 ára aldri og eiga rétt á kr. 20 160 á mánuði frá almannatryggingum, hafi þau ekki aðrar tekur. Konan vinnur ekki utan heimilis, en eiginmaðurinn á kost á léttu starfi hluta úr degi með 7 120 króna mánaðarlaun. Taki hann þessu vinnutilboði, á hann einungis rétt á kr. 13 040 á mánuði frá almannatryggingum. Áhrif tekjutryggingarákvæðanna eru því þar hin sömu og 100% skattlagning vinnutekna.

Niðurstaðan verður hin sama, þótt tekjur séu í formi lífeyris úr lífeyrissjóði. Í augum fjölmargra tekjulágra sjóðfélaga, sem fyrst hafa öðlzt aðild að lífeyrissjóðum á síðari hluta starfsævinnar, verða lífeyrisréttindin með þessum hætti lítils eða einskis virði, og þess eru jafnvel dæmi, að lítill ávinningur sé að áratuga iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs. Þetta á einnig við um réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum, sem sett voru í samræmi við fyrirheit fyrrverandi ríkisstjórnar við lausn kjaradeilunnar í maí 1969, og réttindi samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Þátttaka atvinnuleysistryggingasjóðs og Stofnlána-deildar landbúnaðarins í þessum eftirlaunagreiðslum, kemur nú að verulegu leyti fram sem beinn sparnaður ríkissjóðs í stað þess að veita eftirlaunafólki betri kjör.

Þá skal bent á, að í framkvæmd á sér stað sú mismunun eftir tegund tekna, að einungis framtalsskyldar tekjur valda frádrætti. Tveir lífeyrisþegar með sömu tekjur fá misháan lífeyri, þar eð tekjur annars eru vextir af bankainnistæðu, en tekjur hins vextir af skuldabréfi (t. d. vegna íbúðarsölu eða lánsaðstoðar við ættingja).

Tekjutryggingin veitir öryggi þeim, sem missa starfsorku sína, áður en þeir hafa öðlzt réttindi í lífeyrissjóðum, og öldruðu fólki, sem á ekki lengur kost á starftekjum og aldrei hefur öðlzt lífeyrissjóðsaðild. Í framkvæmd virðast hin nýju ákvæði þó ná til tiltölulega fárra lífeyrisþega, sem ekki höfðu áður hliðstæðar hækkanir samkvæmt heimildarákvæðum almannatryggingalaga. Hins vegar hefur þess þegar orðið vart, að einstakir sjóðfélagar óska endurgreiðslu iðgjalda og afsals réttinda hjá lífeyrissjóðum sínum og telja þá lausn skárri kostinn af tvennu illu. Haldist ákvæði almannatryggingalaga óbreytt eða verði áframhaldandi óvissa um framtíðarstefnu í þessu efni, má gera ráð fyrir, að einstaklingar og lífeyrissjóðir leitist við að aðlaga sig núverandi skipan með ráðstöfunum, sem að öðru leyti yrðu að teljast algerlega óeðlilegar.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að rýmkaðar verði reglur þær, sem nú gilda um greiðslu tekjutryggingar almannatrygginga, þannig að öldruðum og öryrkjum verði gert kleift að hafa nokkrar tekjur, án þess að þær valdi missi réttinda til að fá tekjutrygginguna. Það er einfalt mannréttindamál, að sá, sem af takmarkaðri orku nýtir starfskrafta sína, njóti árangurs af erfiði sínu. Frumvarpið stefnir að því, að svo geti orðið um aldraða og öryrkja í ríkara mæli en nú er.

Um einstök atriði frv., m. a. kostnaðarhlið, verður fjallað í framsögu.

## Fylgiskjal.

### Mæðralaun.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunarinnar námu greiðslur vegna mæðralauna:

1968	.....	36 575 841 kr.
1969	.....	44 884 580 —
1970	.....	55 876 553 —
1971	.....	74 863 276 —

Á þessum árum voru mæðralaun eftirfarandi:

Ár	1 barn	2 börn	3 börn
1968	3 227 kr.	17 517 kr.	35 035 kr.
1969	3 780 —	20 496 —	40 992 —
1970	4 368 —	23 718 —	47 442 —
1971	5 590 —	30 331 —	60 669 —
1972	7 224 —	39 180 —	78 354 —
(1973)	(7 632) —	(41 400) —	(82 788) —

Bótaupphæðir hækkuðu á þessu tímabili um eftirfarandi %-tölu frá ári til árs:

17%	frá 1968 til 1969
15.72%	frá 1969 til 1970
27.87%	frá 1970 til 1971
29.16%	frá 1971 til 1972.

Skipting einstæðra mæðra með mæðralaun í Reykjavík eftir fjölda barna:

Fjöldi barna hvernar móður	Fjöldi einstæðra mæðra		
	1968	1969	1970
1	1 168	1 263	1 389
2	404	421	460
3	195	232	232
4	67	65	58
5	17	16	15
6	5	5	6
7	2	2	2
8	1		
	1 859	2 004	2 162

Fjöldi bótaþega skiptist þannig milli Reykjavíkur og annarra landshluta:

	Reykjavík	Utan Reykjavíkur
1968	55%	45%
1969	56%	44%
1970	56%	44%

Miðað við skiptingu einstæðra mæðra í Reykjavík í hópa eftir barnafjölda eru líkurnar fyrir því, að einstæð móðir hafi á framfæri sínu ákveðinn barnafjölda undir 16 ára, um það bil:

Fjöldi barna	1968	1969	1970
1	0,6283	0,6302	0,6425
2	0,2173	0,2101	0,2128
3	0,1049	0,1158	0,1073
4	0,0360	0,0324	0,0268
5	0,0092	0,0080	0,0069
6	0,0027	0,0025	0,0028
7	0,0011	0,0010	0,0009
8	0,0005		

Ef réttur til mæðralauna miðast við 17 ára hámarksaldur í stað 16 nú, breytist bæði fjöldi bótaþega og skipting þeirra í hópa eftir barnafjölda. Nákvæm rannsókn hefur ekki farið fram á því, hvernig sú skipting raunverulega er, en lausleg áætlun gefur til kynna, að hún hafi í árslok 1970 verið um það bil þannig:

Fjöldi barna hverrar móður	Fjöldi einstæðra mæðra 1970	Hlutfall
1 .....	1 450	63,15%
2 .....	510	22,21%
3 .....	250	10,89%
4 .....	62	2,70%
5 .....	16	0,70%
6 .....	6	0,26%
7 .....	2	0,09%

2 296

Aldurshækkun frá 16 til 17 ára áætluð með tilliti til þess, sem rakið var hér á undan, og áætlun um fjölgun bótaþega leiða af sér fjölgun bótaþega samkvæmt eftirfarandi töflu:

Mæður með	Áætluð fjölgun bótaþega vegna aldurshækkunar	
	1970	1973
1 barn .....	109	134
2 börn .....	89	104
3 börn og fleiri .....	41	47

Miðað við bótaupphæðir 1973, eins og þær liggja nú fyrir, yrði kostnaðaraukningin þá um 9.2 millj. kr.

Sérstök áherzla skal á það lögð, að hér er aðeins um lauslega athugun að ræða.